

Fundargerð 141. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

141. / 23. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands
haldinn í Hótel Öldunni á Seyðisfirði 3. maí 2018 kl. 13:00

Heilbrigðisnefndarmenn:

Jón Björn Hákonarson	Árni Kristinsson
Gunnhildur Imsland	Andrés Skúlason
Sandra Konráðsdóttir	Benedikt Jóhannsson
Kristín Ágústsdóttir	

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson	Lára Guðmundsdóttir	Helga Hreinsdóttir
Hrund Erla Guðmundsdóttir		

Dagskrá:

1. Bókuð útgefin starfsleyfi.....	851
2. Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi	852
3. Málefni einstakra fyrirtækja / starfsstöðva	852
3.1. Jöklaveröld	852
3.2. RARIK ehf. Varaafsstöð í Neskaupstað	853
3.3. RARIK ehf. Lekapró við kyndistöð/fjarvarmaveitu á Höfn	853
3.4. RARIK ehf. Mengunarvarnir við kyndistöð/fjarvarmaveitu á Seyðisfirði	853
4. Vinna milli funda	854
5. Önnur mál.....	854
5.1. Umræða um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði HAUST.....	854
5.2. Umræða um ársskýrslu HAUST.....	854
5.3. Umræða um starf nefndarinnar framundan.	854

1. Bókuð útgefin starfsleyfi

690 Vopnafjörður

a) **Edda Línberg Kristjánsdóttir** kt. 240282-4029. Breyting á starfsleyfi fyrir **snýrtistofuna Túff, Hafnargötu 1**. Leyfi útgefið 28.3.2018.

700-701 Fljótsdalshérað

b) **Bar smíðar ehf.**, kt. 620218-0730. Starfsleyfi fyrir **sölu á veitingum (skemmtistað án matsölu)** að **Fagradalsbraut 25**. Leyfi útgefið 27.3.2018.

c) **Tré og Te ehf.**, kt.541117-0320. Starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu og veitingum** að **Kaupvangi 17**. Leyfi útgefið 10.4.2018.

d) **Höldur ehf.**, kt. 651174-0239. Starfsleyfi fyrir **bón- og bílapvottastöð** fyrir bifreiðar **bíleigu** að **Lagarbraut 4**. Leyfi útgefið 20.4.2018.

e) **ALP hf.**, kt. 540400-2290. Starfsleyfi fyrir **bón- og bílapvottastöð** fyrir bifreiðar **bíleigu** **AVIS, Budget** að **Kauptúni 2**. Leyfi útgefið 20.4.2018.

f) **Bílaleiga Flugleiða ehf.**, kt. 471299-2439. Starfsleyfi fyrir **bón- og bílapvottastöð** fyrir bifreiðar **bíleigu** **Hertz** að **Lagarbraut 7**. Leyfi útgefið 20.4.2018.

g) **701 Hotels ehf.**, kt.540605-1490. Starfsleyfi fyrir **sölu á veitingum** að **Fagradalsbraut 13**. Starfsleyfi útgefið 20.4.2018.

h) **Stísa ehf.**, kt. 620218-1540. Breyting á starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu að Vínalandi**. Nýr rekstraraðili. Leyfi útgefið 2.5.2018.

720 Borgarfjarðarhreppur

i) **Magnaðir ehf.**, kt. 481106-0280. Starfsleyfi vegna **tónlistarhátíðarinnar Bræðslunnar 2018**. Leyfið gildir frá kl 19:00, 28. júlí 2018 til kl 00:00, 28. júlí 2018.

750 Fjarðabyggð – Fáskrúðsfjörður

j) **Elín Helga Kristjánsdóttir**, kt. 020662-2639. Starfsleyfi fyrir sölu á gistingu í **minna gistiheimili að Stekkholti 20, Fáskrúðsfirði**. Um er að ræða breytingu á starfsleyfi. Leyfi útgefið 6.3.2018.

755 Fjarðabyggð – Stöðvarfjörður

k) **Fjarðabyggð**, kt. 470698-2099. Nýtt starfsleyfi fyrir félagsheimili með móttökueldhúsi, **Samkomuhúsi Stöðvarfjarðar** Fjarðarbraut 37. Ekki er um samfellda starfsemi að ræða. Leyfi útgefið 8.1.2018.

l) **Heilbrigðisstofnun Austurlands**, kt. 610199-2839. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **Heilsugæslusel að Túngötu 2**. Leyfi útgefið 15.1.2018.

760-761 Breiðdalsvík

m) **Heilbrigðisstofnun Austurlands** kt. 610199-2839. Endurnýjað starfsleyfi fyrir **Heilsugæslusel að Selnesi 44**. Leyfi útgefið 15.1.2018.

n) **Goðaborg ehf.**, kt. 630913-1280. Nýtt starfsleyfi fyrir rekstri á **fiskvinnslu að Selnesi 3–5**. Leyfi útgefið 1.3.2018.

o) **Helga Svanhvít Þrastardóttir**, kt. 260366-4089. Nýtt starfsleyfi fyrir **gistiskála að Gljúfraborg**. Leyfi útgefið 7.4.2018.

765-766 Djúpvogshreppur

p) **Baggi ehf.**, kt. 630802-2490. Nýtt starfsleyfi fyrir **Hlöðuna á Bragðavöllum- fullbúnum veitingastað að Bragðavöllum**, með sæti fyrir allt að 100 gesti. Leyfi útgefið 10.1.2018.

q) **DYS 1046 ehf.**, kt. 680503-3620. Nýtt starfsleyfi fyrir **kaffihúsi í Löngubúð, Búð 1**, með sæti fyrir allt að 60 gesti. Leyfi útgefið 1.3.2018.

780-785 Hornafjörður.

r) **Ottó Björn Ólafsson**, kt. 281248-7319. Starfsleyfi fyrir **sölu á gistingu að Dalsklifi 2 og 3, og lítilli vatnsveitu** sem þjónar aðstöðunni. Leyfi útgefið 28.3.2018.

s) **Selbakki ehf.**, kt. 560908-0590 Starfsleyfi fyrir **starfsmannabústað í Flatey á Mýrum**. Leyfi útgefið 17.4.2018.

t) **Sveitarfélagið Hornafjörður**, kt. 590169-4639. Starfsleyfi fyrir **fræðslustarfsemi í Vöruhúsinu, Hafnarbraut 30**. Leyfi útgefið 23.4.2018.

u) **Sveitarfélagið Hornafjörður**, kt. 590169-4639. Tímabundið starfsleyfi fyrir **færanlega kennslustofu við leikskólann Krakkakot, Víkurbraut 24**. Leyfi útgefið 2.5.2018.

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.

2. Bókuð útgefin tóbakssöluleyfi

700-701 Fliótsdalshérað

a) **Olíuverzlun Íslands hf.**, kt. 500269-3249. Endurnýjað tóbakssöluleyfi í **Þjónustustöð Olís, Lagarfelli 2** í Fellabæ. Leyfi útgefið 16.4.2018.

b) **701 Hotels ehf.**, kt. 540605-1490. Tóbakssöluleyfi í veitingastaðnum **Skálinn Diner, Fagradalsbraut 13**. Leyfi útgefið 20.4.2018.

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu ofangreindra tóbakssöluleyfa

3. Málefni einstakra fyrirtækja / starfsstöðva

3.1. Jöklaveröld

Andrés Skúlason vék af fundi undir þessum lið.

Ekki var tekin afstaða til úrbótaáætlunar fyrirtækisins á 140. fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands sem haldin var þann 19. mars sl. þar sem viðbótargögn við áætlunina sem óskað hafi verið eftir fyrir fundinn bærust ekki í tæka tíð. Umbeðin gögn hafa enn ekki borist. Í eftirlitsskýrslu vegna eftirlits heilbrigðisfulltrúa í starfsstöðina þann 25. apríl sl. koma fram 5 frávík frá starfsleyfi og frá reglugerð 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Gögn sem ítrekað hefur verið óskað eftir til þess að hægt sé að taka afstöðu til úrbótaáætlunar hafa ekki borist og því getur heilbrigðisnefnd ekki samþykkt úrbótaáætlunina. Fjöldi frávika í nýlegri eftirlitsskýrslu staðfestir að hluta af starfsemi er ekki hagað í samræmi við starfsleyfi eða þær reglugerðir sem um hana gilda. Heilbrigðisnefnd íhugar að takmarka starfsemi fyrirtækisins í samræmi við 60.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.2. RARIK ohf. Varaafsstöð í Neskaupstað

Fyrirtækið fékk frest til 1. apríl sl. til þess að ganga frá olútönkum á lóð fyrirtækisins við Stekkjargötu og fylla þá af mól eða sandi. Verkið er hafið en það hefur tekið mun lengri tíma en ráð var fyrir gert og því var enn ekki lokið að morgni 3.maí.

Heilbrigðisnefnd átelur seinagang fyrirtækisins. Samþykkt er að fyrirtækið fái lokafrest til 18. maí nk. til að ljúka úrbótum. Að þeim tíma liðnum verður starfsstöðin heimsótt, verði fullnægjandi úrbætur ekki staðfestar í þeirri ferð mun heilbrigðisnefnd beita þvingunarúrræðum í samræmi 60.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í þeim tilgangi að knýja fram úrbætur

3.3. RARIK ohf. Lekapró við kyndistöð/fjarvarmaveitu á Höfn

Fyrirtækið hefur með bréfi dags. 20.3. sl. sótt um undanþágu frá endurbótum á lekavarnaþró um olúgeymi við kyndistöð fyrirtækisins á Krosseyjarvegi. Áformað er að hætta rekstri fjarvarmaveitu á Höfn árið 2020 eða 2021 þegar hitaveita frá Hoffelli verður komin í gagnið.

Heilbrigðisnefnd samþykkir beiðni RARIK ohf. dags. 20.3.2018 um undanþágu frá endurbótum við lekapró um olútank fyrirtækisins með eftirfarandi skilyrðum:

- gróf mól í botni lekapróar verði fjarlægð fyrir lok júní 2018
- aldrei verði meira en 40 þús l af olíu á tankinum

Undanþágan gildi til 31.12.2020

3.4. RARIK ohf. Mengunarvarnir við kyndistöð/fjarvarmaveitu á Seyðisfirði

RARIK hefur með bréfi dags. 26.3. sl. sótt um frest fram yfir 2020 frá endurbótum á mengunarvarnabúnaði við kyndistöð fyrirtækisins við Garðarsveg á Seyðisfirði. Áformað er að hætta rekstri fjarvarmaveitunnar árið 2019 og ljúka frágangi á árinu 2020.

Beiðni RARIK ohf. dags. 26.3.2018 um frest til endurbótar á mengunarvarnabúnaði kyndistöðvarinnar er samþykktur með skilyrðum, en þó aðeins til ársloka 2020.

Skilyrði fyrir frestinum eru að eðlilegu fyrirbyggjandi viðhaldi verði sinnt hér eftir sem hingað til og að í engu verði slakað á verklagi við mengunarvarnir.

4. Vinna milli funda

Umsagnir um skipulög

- a. Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Myllulæk í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- b. Umsögn um nýtt deiliskipulag við Hótel Höfn
- c. Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Skíðasvæðið í Oddskarði.
- d. Umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps.

Aðrar umsagnir

- e. Umsögn um gjaldskrár fyrir sorphirðu og sorpeyðingu og fyrir söfnunarstöð á Höfn

5. Önnur mál

- 5.1. Umræða um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði HAUST.
- 5.2. Umræða um ársskýrslu HAUST.
- 5.3. Umræða um starf nefndarinnar framundan.

Næsti fundur er áætlaður 21. júní nk. kl. 9:00, símafundur

Fundi slitið kl. 14:10

Fundargerðin færð í tölvu og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Fundargerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

Jón Björn Hákonarson

Árni Kristinsson

Gunnhildur Imsland

Andrés Skúlason

Sandra Konráðsdóttir

Benedikt Jóhannsson

Kristín Ágústsdóttir

Leifur Þorkelsson

Lára Guðmundsdóttir

Helga Hreinsdóttir

Hrund Erla Guðmundsdóttir